



Alþýðusamband Íslands

Reykjavík 2. september 2020

Ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands um kjaramál

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands hafnar með öllu hugmyndum um frestun launahækkana og skerðingu launa sem settar hafa verið fram af fulltrúum atvinnurekenda og stjórnvalda undanfarið. Miðstjórn ASÍ áréttar einnig mikilvægi þess að stjórnvöld etji ekki aðilum vinnumarkaðar saman nú þegar endurskoðun kjarasamninga stendur fyrir dyrum.

Kjaraskerðing ógnar ekki aðeins afkomuöryggi launafólks á krepputímum heldur hefur hún einnig skaðleg áhrif til frambúðar og mun bæði dýpka og lengja kreppuna. Bætt kjör launafólks skila sér bæði í aukinni neyslu, sem er afar áriðandi í samdrætti, og auknu skattfé, enda er launafólk helstu skattgreiðendur landsins. Samtök atvinnulífsins virðast hvorki hafa skilning á þörfum atvinnulífsins né almennings og kjósa heldur að fylgja hugmyndafræðilegri línu sem getur, ef henni er fylgt, haft í för með sér langvinnan skaða fyrir íslenskt efnahagslíf og samfélag.

Miðstjórn ASÍ mun berjast af fullum þunga fyrir kjörum launafólks og fyrir almannahagsmunum í þeirri kreppu sem nú stendur yfir.